

Sp.

763. Þingsályktun

um undirbúning löggjafar um orlof.

(Afgreidd frá Sp. 14. júní).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita tillagna verkalyðs- og vinnuveitendasamtakanna, svo og Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, um undirbúning löggjafar um orlof vinnandi fólks í landinu til sjávar og sveita frá störfum á vissum tímum árs. Leggi ríkisstjórnin málið síðan fyrir næsta Alþingi í því formi, sem henni þykir henta.